


Heimur út af fyrir sig

Abstraktlist kom fyrst fram um aldamótin en síðan hefur hún greinst í marga ólíka strauka. Geómetrisk abstraksjón er aðeins ein stefna af mörgum, en hún er sú listastefna sem hefur átt hugmyndafræðilega hvað traustastan grunn hérlandis. Í Listasafni Íslands stendur yfir sýning á íslenskri abstraktlist 1950-1960. Þetta er víðamikil sýning og á henni eru eingöngu geómetrisk verk.

Í geómetrísku myndmáli verður listaverkið að heimi út af fyrir sig – formheimi sem ekki byggir á ytri veruleika. Þar lítur listaverkið lögum eigin miðla – forma, lita og rýmis – og einkennist af geómetrískum strangleika og sléttum, eintóna litablöndum. Á sjötta áratugnum myndadist sterkur áhugahópur um geómetrísku abstraksjón hérlandis. Verk flestra ef ekki allra þessara listamanna má sjá á sýningunni í Listasafninu og bera þau aldurrinn misvel. Heildareinkenni geómetríunnar, svo vitnað sé í sýningarskrá, kunna að vera „vel aðgreind form, hreinir litir og slétt yfirborðsáhrif án persónulegrar pensilskriftar“. En litanotkun, formgerð og myndrými segja engu að síður sína sögu um höfund verkanna. Flókið myndrými einkennir t.d. verk Valtýs Péturssonar, Harðar Ágústssonar og Þorvalds Skúlasonar, en skýrari formgerð og heilir litafletir móta verk Karls Kvarans, Eiríks Smiths og Nínu Tryggvadóttur.

Litanotkun er stór hluti af geómetrískri abstraksjón. Hún er viðkvæm fyrir tísu-sveiflum og litasmekklum hvers einstaklings fyrir sig og getur haft töluverð áhrif á hvernig nútíma áhorfandi lítur á verkin. Færa má rök fyrir því að verk númer 26, málverk frá 1953 eftir Hjörleif Sigurðsson, með ríkjandi



Draumurinn um hreint form – verk eftir Nínu Tryggvadóttur og Ásmund Sveinsson.

brúnum, appelsínugulur og bláum lit hafi ekki staðist tímans tönn eins vel og Komposition Nínu Tryggvadóttur frá 1954 (verk nr. 42) þar sem meira jafnvægi myndast milli rauðra, svartra og hvítra flata verksins sem verður sjónvænna fyrir vikið.

Myndlist

Anna Sigríður Einarsdóttir

Uppbygging myndflatarins hefur svipuð áhrif. Flókin formgerð og myndrými þar sem formið kemur fram í mismunandi tilbrigðum og litafletir skarast leiðir augað vel og kallar fram tilfinningu fyrir rými og hrynjanda. Komposition Valtýs Péturssonar frá 1951 (verk nr. 56) og Bláin eftir Hörð Ágústsson

eru góð dæmi. Formmýkt og sveigjanleiki skúlptúra Gerðar Helgadóttur og Ásmundar Sveinssonar hefur svipuð áhrif. Þó myndirnar á sýningunni séu allar stærkar og litagleðin keppist um athygli áhorfandans, þá er líkt og þau verk þar sem strangleiki flatarins er í hvað mestum hávegum hafður hrindi áhorfandanum frá sér. Skortur á leik í formi og rými heldur athygli áhorfandans skemur þar sem hann týnist ekki í tvívíðum fletinum og má í því sambandi nefna komposition Valtýs Péturssonar frá 1958 (nr. 61).

Það er skemmtileg nýbreytni að koma gagnrýni og umfjöllun fjölmiðla sjötta áratugarins fyrir í einum af sölum safnsins og það sama má segja um byggingarlistina, þó að ósekju hefði mátt vinna meira með þann hluta sýningarinnar. Íslensk abstraktlist 1950-60 er að mörgu leyti mjög góð sýning sem leitar víða fanga til að gefa yfirsýn en reynir þó ef til vill um of að standa án orða til að hinn almenni áhorfandi hafi fullt gagn af. Sýningarskráin er sérlega glæsileg og sannkölluð fróðleiksnáma um geómetrísku abstraksjón en fulldýr til að ná augum allra. Á sjötta áratugnum átti geómetríkin marga talsmenn sem kynntu hugmyndaðlegar forsendur hennar almenningi. Gaman hefði verið að sjá meira af þeim fróðleik í Listasafninu.

Draumurinn um hreint form. Íslensk abstraktlist 1950-60. Listasafn Íslands til 25. okt. Opíð kl. 11-17 alla daga nema mánu-daga.

Takið eftir

Í dag kl. 16.30 hefst opnar söngprufur fyrir roksöngleikinn RENT sem Þjóðleikhúsið frumsýnir á komandi vori í samstarfi við Loftkastalann. Æfingar hefst eftir áramót. Leitað er að fólki á aldrinum 18-35 ára, söngvurum og leikurum sem einnig geta dansað. Prufurnar fara fram í æfingasal Þjóðleikhússins, Lindargötu 7. Skráning fer fram á staðnum.



Þessi magnaði söngleikur var frumsýndur á Broadway 1996 og hefur verið sýndur við geysilegar vinsældir vestanhafs og í London. Hann hefur hlotið fjölda verðlauna, meðal þeirra bæði Tony- og Pulitzer-verðlaunin. Leikstjóri hér verður Baltasar Kormákur og tónlistarstjóri Jón Ólafsson.

Einnig verður prófað á morgun, þriðjudag, og hefst leikar á sama tíma og í dag, kl. 16.30.

Fyrirlestrar

Élsa D. Gísladóttir myndlistarmaður sýnir skyggnur og segir frá verkum sínum og sýningum í Málstofu, fyrirlestrarsal MHÍ í Laugarnesi, í dag kl. 12.30.

Danskur textillistamaður og hönnuður, Frans Knudsen, heldur fyrirlestur í Barmahlíð, fyrirlestrarsal MHÍ, Skipholti 1, á miðvikudaginn kl. 12.30. Þar fjallar hann um verk sín og sýningar og um stórt textilhönnunarverkefni sem hann vinnur að um þessar mundir fyrir IKEA í Svíþjóð.

Námskeið

„Tölva – verkfæri í myndlist“ er grunnnámskeið ætlað fólki sem starfar að sjónlistum og langar til að kynna tölvuvinnu. Farið er í uppbyggingu vélbúnaðar, kennd almenn umgengni við tölvur og hugbúnað og kynntur myndhugbúnaður. Kennari er Leifur Þorsteinsson og kennslan fer fram í tölvuveri MHÍ vikuna 28. sept. til 2. okt. kl. 19-22.

„Ljósmyndir og menning“ nefnist námskeið í umsjón Sigurjóns B. Hafsteinssonar mannfæðings og umsjónarmanns Ljósmyndasafns Reykjavíkur sem hefst í vikunni. Þar fjallar hann um ljósmyndakennningar, íslenska ljósmyndasögu, landslagsmyndir og þjóðernisvitund, ljósmyndun dauðans, myndasmíði og ljósmyndun sem listgrein. Námskeiðið verður í Barmahlíð, Skipholti 1, á þriðjudögum og fimmtudögum frá 1.-22. okt. kl. 20-22.30.

Traust er tónlist

Geislaliskurinn Traust er annar í útgáfuröð Smekkleysu, „Frjálst er í fjallasal“. Á nýja disknum leika hljómlistarmennirnir Hilmar Jensson gítarleikari og Kjartan Valdemarsson píanóleikari ásamt Matthíasi Hemstock sem leikur á trommur og slagverk og Pétur Grétarsyni á víbrafón og slagverk.

Traust er fyrirmælaverk sem Hilmar Jensson samdi upphaflega fyrir þrjú hljóðfæri en hefur gengið gegnum miklar breytingar í meðförum ýmissa hljómsveita. Þrátt fyrir skrifuð fyrirmæli er hver flutningur Trausts einstakur og byggist á spuna flytjendanna. Eins og titill verksins gefur til kynna byggist flutningurinn ekki síst á trausti flytjendanna hvers á öðrum.

Það sem enginn sér

Gunnhildur Hrólfsdóttir rithöfundur hefur sent frá sér nýja bók fyrir börn og unglinga. Hún heitir Það sem enginn sér og fjallar um hún erfiðu víðfangsefni kynferðislega áreitni og einelti. Sagan segir frá Benna og Laufeyju sem eru 12 og 13 ára og stríða bæði við mótlæti. Þegar þau kynna eignast þau vin sem þau geta treyst hvort í öðru, en meira þarf að koma til ef líf þeirra á að geta fallið í eðlilegar skorður á ný. Gunnhildur Hrólfsdóttir er meðal afkastamestu barnabókahöfundu samtímans hér á landi og hefur áður með góðum árangri tekist á við samfélagsvanda í sögum sínum frá sjónarhóli barna og unglinga. Mál og menning gefur bókina út og Halla Sólveig gerði kápumynd.



Umsjón

Silja Aðalsteinsdóttir



Harpa Arnardóttir leikur hina hugþekku Dímmlimm í samnefndu leikriti í Iðnó um helgar.

Iðnó lifir

Í kvöld verður leikhússport í Iðnó og byrjar kl. 20.30. Þetta fyrirbæri er eiginlega ný íþróttagrein hér á landi og ekki sú leiðinlegasta. Á sviðinu er stór hópur leikara sem skiptir sér í tvö lið sem keppa innbyrðis í að leika fyrir salinn – sem var troðfullur þegar umsjónarmaður menningar-síðu fór fyrir tveim vikum.

Leikurinn er fölginn í áskorun. Liðin skiptast á að skora á hitt að spinna leikþátt um ákveðið efni sem áhorfendur fá að skilgreina nánar. Svo eru þættirnir leiknir og á eftir hvorum gefa þeir dómarar hópunum einkunn. Stigavörður heldur einkunnunum saman og sýnir stigin þegar stjórnandi kvöldins fer fram á það. Í lokin stendur annað liðið uppi sem sigurvegari. Stigavörður var sérstaklega lipur á síðasta leikhússporti, lék sér að því að fara í splitt á sviðinu um leið og hann (þ.e.a.s. hún) hélt uppi stigatöflunni!

Skemmtilegast er þegar farnar eru óvæntar leiðir að efninu – þegar allt í einu er spunninn söngleikur með lögum og textum og öllu saman og maður veit að þetta verður allt til um leið og það kemur út úr leikurunum. Þeir hafa ekki haft nein tæk á að undirbúa sig. Þá reynir virkilega á hugmyndaflug og hæfileika – sem þátttakendur þetta kvöld reyndust hafa nóg af. Þakið

ætlaði hreinlega að rifna af gamla Iðnó hvað eftir annað. Auðvitað minnir uppákomu oft á barnaafmæli þegar börnin heimta að fá að leika fyrir fullorðna gesti en fullt er að þetta eru afar skemmtileg barnaafmæli.

Í salnum í Iðnó er færanlegt pallakerfi sem hægt er að raða upp á ótal vegu – enda er starfsemin fram undan fjölbreytt og kallar á alls konar sali. Þegar sýnd eru leikrit eins og Rommí eða leikhússport er sætum skipað eins og í venjulegu leikhúsi. Þegar Þjónn í súpunni er sýndur sitja gestir við borð og njóta veitinga. Á Tjarnardansleikjum er borðum raðað meðfram veggjum. Af annarri starfsemi má nefna að tónleikahald hefst aftur á næstunni í húsinu og á döfinni eru upplestrar, sögustundir fyrir börn fyrri hluta dags, hádegisleikhús og myndlistarsýningar. Alls hefur verið boðið upp á 41 sýningu í þessum mánuði sem þýðir að húsið hefur verið lifandi alla daga vikunnar. Þannig vonar leikhússtjórnin, Magnús Geir Þórðarson, að það verði áfram árið um kring.

Húsið er nú fullbúið undir starfseminu sem þar fer fram. Hljóðeinangrun er orðin góð og fullkomið loftræstikerfi alveg hljóðlaust. Leikfélag Íslands rekur húsið og greiðir borginni leigu fyrir það en mikið af starfseminni fram undan verður í samráði við aðra hópa; til dæmis verða leiksýningar í vetur í samstarfi við Annað svið og Hvunn dagsleikhúsið.